

HANDBÓK UNGMENNARÁÐA SVEITARFÉLAGANNA

SASS



EVROPSKA UNGA FÓLKISINS

Vigdís Fríða

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Upphaf	5

HVAÐ ERU UNGMENNARÁÐ?	6
Grunnstoðir Ungmennaráða	8
Barnasáttmálinn	8
Æskulýðslögin	8
Ráð um stofnun ungmennaráðs	10
Hvað hafa ungmennaráð á Íslandi gert?	11

HLUTVERKIN	12
Hlutverk sveitarfélaga	13
Hlutverk starfsmanns	14
Hlutverk ungmennaráðsmeðlima	16

HVERNIG SANNFÆRUM VIÐ VALDHAFANA?	17
Að sannfæra valdhafa	18

VINNUAÐFERÐIR OG STÖRF UNGMENNARÁÐS	19
Val í ráðið	20
Fundir	21
Ungmennaping	23
Úrvinnsla ungmennapings	24
Bréfaskrif	25
Verkáætlanir	27
Siðareglur	29
Hvað svo?	30
Haldið stórfund	30
Farið á námskeið í Evrópu	30
Heimildir	33

Gefið út árið 2017

Ritstýra: Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Grafísk hönnun: Pétur Már Sigurðsson

Klipping fræðslumyndbanda: Guðbjartur Daníel Guðmundsson

Prófarkalestur: Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir

Sérstakar þakkir:

Anna María Karlsdóttir, Arndís Ósk Magnúsdóttir, Davíð Ernir Kolsbeins, Eygló Rúnarsdóttir, Elísabet Gísladóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Gerður Dýrfjörð Birgisdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Gunnar E. Sigurbjörnsson, Guðmunda Bergsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Halla Rún Erlingsdóttir, Jana Lind Ellertsdóttir, Krístrún Ósk Baldursdóttir, Krístrún Urður Harðardóttir, Krístrún Urður Harðardóttir, Margrét María Sigurðardóttir, Nílsína Larsen Einarsdóttir, Rebekka Rut Leifsdóttir, Sólrún Elín Freygarðsdóttir, Rúnar Guðjónsson, Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sigdís Erla Ragnarsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson, Valur Rafn Halldórsson, Þórunn Ösp Jónasdóttir.

Styrktaraðilar: Samband Íslenskra Sveitarfélaga og Evrópa unga fólksins.

Inngangur

Þessi handbók er fyrst og fremst hugsuð sem gagnabanki um ungmennaráð sveitarfélaga. Hún er fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga og vilja til að gefa ungmennum og þeirra skoðunum meira vægi í sveitastjórnarmálum. Í henni má finna upplýsingar um hlutverk þeirra sem koma að ungmennaráðum, verklag ungmennaráða, hugmyndir fyrir ungmennaráð og fleira.

Það er engin ein rétt leið til þess að starfsrækja ungmennaráð. Því er ekki ætlunin að útlista nákvæmlega hvernig hlutirnir eigi að vera. Handbókin á öllu fremur að veita innblástur, benda á ný sjónarmið og sýna fram á tækifæri í starfi ungmennaráða.

Handbókin er sérstaklega ætluð ungmennaráðsmeðlimum, sveitarstjórnnum og starfsfólki ungmennaráða. Ef allir aðilar sem að ráðinu koma hafa þekkingu á starfsemi og verklagi ráðsins, aukast líkurnar á velgengni í starfi.



Ungmennaráðstefna sem haldin var á Hvolsvelli á vegum Ungmennaaráðs Árborgar

Upphaf

Ungmennaráðstefna var haldin á Hvolsvelli dagana 28. og 29. september 2016. Forsprakki ráðstefnunnar var ungmennaráð Árborgar í samstarfi við Samtök sunnleskra sveitarfélaga (SASS). Tilgangurinn var að virkja og styðja við ungmennaráð á svæðinu en markmið ráðstefnunnar voru eftirfarandi:

- Að sveitarstjórnir sjái hin miklu tækifæri sem fylgja öflugum starfi ungmennaráða.
- Að hvetja þau sveitarfélög sem hafa ekki ungmennaráð til að huga að stofnun slíks.
- Að finna leiðir til að einfalda aðkomu ungs fólks að ákvörðunartökuferlinu og auka áhuga þeirra á því ferli
- **Að huga að gagnabanka/handbók/verkfæri fyrir ungmennaráð á svæðinu þar sem finna má hagnýtar upplýsingar, ábendingar og góðar leiðir til að koma vinnu sinni á framfæri.**
- Að stíga fyrstu skrefin að markvissu samtali á milli ungs fólks og sveitarstjórna á öllu Suðurlandi um mikilvæg málefni sem tengjast öllu svæðinu.

Handbókin er ein af afurðum ráðstefnunnar. Vinna við handbókina hófst á ungmennaráðsþinginu og lauk sumarið 2017. Það er ósk ritstýru að sérfræðingar á sviði ungmennaráða bæti við bókina eftir því sem tíminn líður og þekking á ungmennráðum verður meiri. Handbókin á að vera lifandi rit, sameiginlegur vettvangur þeirra sem vinna að valdeflingu ungmenna í sveitarfélögum.

Hvað eru ungmennaráð?

Ungmennaráð eru formleg ráð ungs fólks sem tjá sig sem fulltrúar ungmenna í samfélaginu. Ungmennaráð eru yfirleitt stofnuð innan samtaka eða í tengslum við hið opinbera, til dæmis sveitarfélög. Gerð ráðanna endurspeglar oft þær stofnanir sem þau vinna fyrir. Í sumum tilfellum eru ungmennaráð sjálfstæð og virka sem sjálfstætt þrýstiafl á yfirvöld eða aðrar stofnanir. Auk þess að virka sem þrýstiafl, sinna ungmennaráð ýmsum sjálfstæðum störfum og geta unnið nauðsynlegar úrbætur í þeim málaflokkum sem þau telja mikilvæga.¹

Helsta starf ungmennaráða sveitarfélaganna er að koma skoðunum sínum sem varða sveitarfélagið á framfæri, auk þess að vera vettvangur þar sem ungmenni geta haft áhrif á þau málefni sem þau telja mikilvæg. Ungmennin sjálf velja sín málefni sem þau vilja kljást við hverju sinni. Mikilvægt er að gæta að fjölbreytileika innan ungmennaráða sveitarfélaganna svo að rödd allra hópa innan sveitarfélagsins heyrir.

Ungmennaráð eru af ólíkum stærðum og gerðum. Sama hver stærð ráðsins er, þá er alltaf góð hugmynd að vera með varafulltrúa sem getur leyst hina af ef þörf er á, til dæmis ef einhver skyldi forfallast.

Lokuð ungmennaráð eru ungmennaráð þar sem að fyrirfram ákveðinn fjöldi ungmenna tekur sæti í ákveðinn tíma. Í sumum slíkum ungmennaráðum eru ungmenni skipuð sem fulltrúar tiltekinna hópa ungmenna t.d. úr ákveðnum skólum eða íþróttafélögum.

Opin ungmennaráð eru ungmennaráð þar sem ótakmarkaður fjöldi ungmenna á tilteknu aldursbili geta tekið þátt. Með slíkum ungmennaráðum er reynt að virkja sem flest ungmenni innan sveitarfélags eða samtaka til þátttöku í ákvarðanatöku.

Blönduð ungmennaráð eru sett upp á þann veg að það er formlegt ráð sem fær áhugasöm ungmenni á ungmennapíngum til að vinna að verkefnum. Ef ungmenni hafa til dæmis áhuga fyrir því að vinna að umhverfismálum í sveitarfélaginu, verða þau starfshópur innan ungmennaráðsins.

Grunnstoðir Ungmennaráða

Barnasáttmálinn

Í Barnasáttmálanum er fjallað um réttindi barna en samkvæmt honum eru einstaklingar börn upp að 18 ára aldri. Sáttmálanum er skipt niður í fjórar meginstoðir. Þær eru réttur til að þroskast og læra, réttur til lífs, réttur til þátttöku og réttur til verndar.

Réttur til þátttöku er ein af grunnstoðum ungmennaráða. Tvær málsgreinar Barnasáttmálans fjalla sérstaklega um rétt barns til þess að mynda eigin skoðanir, tjá þær og fá áheyrn.

Fyrsta málsgrein 12. greinar í Barnasáttmálanum segir:

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.²

Fyrsta málsgrein 13. greinar í Barnasáttmálanum segir:

1. Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.³

Æskulýðslögin

Æskulýðslögunum er ætlað að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Þá er lögð sérstök áhersla á að hvetja þau til virkrar þátttöku og frumkvæðis.

Önnur málsgrein 11. greinar Æskulýðslaga segir:

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.⁴

Mörgum hefur þótt orðasambandið að „hlutast til um“ heldur óljóst. Samkvæmt íslenskri samheitaorðabók er þó nokkuð skýrt að það feli í sér að hafa forgöngu um að ungmennaráði verði komið á laggirnar. Það er að segja,

samkvæmt lögum eiga sveitarstjórnir að beita sér fyrir því að ungmennaráð starfi fyrir hönd sveitarfélagsins.



Ungmennaráð Akureyrar fundar með bæjarráði

Ráð um stofnun ungmennaráðs⁵

Hér koma fram tillögur um það hvernig hægt er að stofna ungmennaráð og hvað þarf að hafa í huga þegar fyrstu skrefin eru stigin. Skrefin eru ekki tæmandi listi yfir mögulegar aðferðir en er ætlað að veita innblástur og hugmyndir.

Hafið samband við mismunandi hópa innan ykkar samfélags.

Til dæmis íþróttafélög, ungmennafélög, félagsmiðstöðvar, skóla o.s.v.fr. Kynnið hugmyndina að ungmennaráðinu og mögulegt starf þess. Fáiið fólk til þess að veita ungmennaráðinu áhuga. Leggið áherslu á að auka vitund fólks um hlutverk og tilvist ungmennaráðsins.

Þjóðið til fundar.

Þegar búið er að mynda sambönd við ákveðinn fjölda ungmenna er hægt að bjóða til fundar. Mikilvægt er að hafa í huga að fundurinn sé vel auglýstur og opinn öllum ungmennum. Fundurinn á að vera aðgengilegur og skemmtilegur og stýrt af góðum fundarstjóra. Gott er að byrja á nafnaleikjum og ísbrjótum til að leyfa ungmennunum að kynnast og hafa léttar veitingar í boði á fundinum. Það gæti þurft að funda nokkrum sinnum til að upplifa að vel hafi tekist til. Hægt er að prófa mismunandi hópa, staðsetningar og málefni.

Upplýsið valdhafa.

Eftir fyrsta vel heppnaða fundinn er gott að upplýsa valdhafa og aðra hagsmunaaðila um gang mála. Gott er að taka saman á þessum tímapunkti, hver er jákvæður í garð ungmennaráðsins, hver getur hjálpað, hver verður tengiliður þess innan sveitarfélagsins o.s.v.fr.

Haldið stofnfund.

Þegar kominn er vísir að ungmennaráði getur verið gott að skipuleggja viðburð þar sem ungmennaráðið er formlega stofnað og kynnt almennilega til sögunnar. Þá er hægt að kjósa í stöður og byrja að fá skoðanir ungs fólks á sveitarfélaginu. Sýnið í verki hvað ungmennaráðið getur tekið sér fyrir hendur.

Hvað hafa ungmennaráð á Íslandi gert?

Hér eru örfá dæmi:

- Komið á bættari aðstöðu í sveitarfélaginu.
 - » Staðið að heilsustíg.
 - » Látið bæta við ljósastaurum.
 - » Stofnað æskulýðssjóð þar sem ungmenni geta sótt um styrk.
 - » Opnað og starfrækt ungmennahús.
 - » Bætt aðstöðu í félagsmiðstöðvum og skólum.
 - » Fengið frísbíggjuföll.
 - » Komið af stað fleiri viðburðum fyrir ungmenni.
 - » Staðið fyrir viðburðum fyrir eldri borgara.
 - » Bætt samgöngur, til dæmis tímaáætlanir Strætó.
- Barist fyrir breytingum.
 - » Fengið áheyrnarfulltrúa í nefndir sveitarfélagsins.
 - » Stuðlað að ódýrari afþreyingu fyrir ungt fólk.
 - » Talað fyrir breyttum kennsluháttum.
 - » Spornað við plastpöknotkun.
 - » Séð til þess að sveitarfélagið taki á móti fleiri flóttamönnum.
- Tekið þátt í alþjóðlegum og innlendum verkefnum.
 - » Haldið ráðstefnur.
 - » Heimsótt önnur ungmennaráð innlendis og erlendis.
 - » Tekið þátt í verkefnum og ráðstefnum innlendis og erlendis.

Pallborðsumræður á Ungmennaráðstefnu



Hlutverkin

Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarstjórnnum ber að sýna starfinu áhuga og frumkvæði í því að virkja ráðin.

Hætt er á því að ungmennaráðin lognist útaf ef þeim er ekki sýndur áhugi. Starfsmaður þarf svigrúm til þess að vinna með ungmennaráðið og sérlega þegar það er í mótun.

Mikilvægt er fyrir bæjaryfirvöld að þekkja til starfsemis ungmennaráða, skilja hvað þau eru fær um, treysta þeim og veita þeim ábyrgð. Ungmennaráð starfar sem nefnd innan sveitarfélagsins og ætti því að vera virt sem slíkt. Það hefur færst í aukana að sveitarfélög borgi ungmennum fyrir nefndarsetuna. Slíkt er til fyrirmyndar og er afar jákvæð þróun.

Það skiptir miklu máli að sveitarfélögin tryggi ungmennaráðinu góðan grundvöll. Það er á ábyrgð sveitarfélagsins að skapa vettvanginn þar sem unga fólkið fær að hafa áhrif. Hafið boðleiðir ungmennaráðsins skýrar. Gott væri fyrir sveitarfélagið að safna saman upplýsingum fyrir ungmennaráðið um mögulegar boðleiðir sem það hefur til þess að koma skilaboðum sínum á framfæri.

Það hefur sýnt sig að ungmennaráð sem fær ekki að hafa raunveruleg áhrif og er einungis til skrauts getur farið að vinna gegn markmiðum sínum. Það getur meðal annars valdið því að ungmennin upplifa valdaleyfi og missa allan fyrri áhuga sinn á stjórnmálum.


Leyfið þeim að hafa raunveruleg áhrif!

- Setjið ungmennin inn í málefni líðandi stundar hverju sinni.
- Leyfið þeim að eiga sinn áheyrnarfulltrúa á nefndarfundum.
- Sendið þeim hugmyndir ykkar til álitsgjafar.
- Biðjið þau um að koma með hugmyndir að breytingum.
- Gefið þeim pláss til þess að framkvæma eigin hugmyndir.

Ekki krúttvæða

Það er aldrei skemmtilegt fyrir ungmennin að vera ekki tekin alvarlega þegar þau hafa lagt á sig mikla vinnu við að koma málefnum sínum á framfæri. Lykilatriði fyrir sveitarfélögin er að virða ungmennin, stunda virka hlustun og taka mark á skoðunum þeirra.

Hlutverk starfsmanns



Hlutverk starfsmanns er síbreytilegt eftir því hvar ungmennaráðið er statt. Til að byrja með getur verið að starfsmaður þurfi grípa mikið inn í þeim tilgangi að koma starfinu af stað. Seinna tekur starfið að þróast og breytast og starfsmaður aðlagast að nýjum starfsháttum. Helstu hlutverk starfsmanns eru þó alltaf nokkurnvegin þau sömu.

Helstu hlutverk starfsmanns

- Styðja við störf ráðsins og vera ungmennum innan handar.
- Hvetja ungmenni til virkrar þátttöku og grípa inn í umræður þegar það á við.
- Halda utan um, varðveita og koma gögnum ungmennaráðsins til skila á viðeigandi staði.

Mikilvægt er að leiðbeinandi virki ungmennin og sýni þeim fram á þann árangur sem ungmennaráðið nær fram. Ungmennin þurfa að sjá afrakstur verka sinna. Það er hvetjandi og valdeflandi fyrir þau. Þannig fá þau staðfestingu á því að þau hafi raunveruleg áhrif.

Æskilegt er að leiðbeinandi deili reynslu sinni og þekkingu á sveitarfélaginu. Meðal markmiða ætti að vera að kenna meðlimum ungmennaráðs inn á kerfið. Þau þurfa að kunna að skrifa fundargerð og koma henni til skila og vita hvernig þau geta haft áhrif í gegnum sveitarfélagið. Gott væri að vinna að handbók með helstu upplýsingum sem eiga sérstaklega við ungmennaráðið sem starfað er með.⁶ Þar gæti komið fram hvernig er valið í ráðið, hvernig skal boða til fundar, hvaða verkefnum þarf að sinna og hvaða boðleiðir eru færar ungmennunum í sveitarfélaginu til þess að hafa áhrif.


Umhyggjusamur leiðbeinandi⁷

- Getur sett sig í spor annarra og er næmur fyrir þörfum þeirra.
- Hlustar af alúð, án fordóma.
- Er meðvitaður um að hann er að leiðbeina en ekki stýra.
- Viðurkennir árangur, framlög og styrk hvers og eins innan hópsins.

Vertu skuggastjórnandi!⁸

Skuggastjórnandi er ábyrgðaraðili verkefna. Hann hefur yfirumsjón en leiðbeinir öðrum verkefnastjórnendum við að framkvæma verkið. Þegar ungmennaráð er komið vel á veg, ætti starfsmaður að reyna eftir bestu getu að starfa sem skuggastjórnandi.

Hinir verkefnastjórnarnir eru í þessu samhengi ungmennaráðið. Mikilvægt er að leyfa þeim að stjórna ferðinni en finna hvenær mikilvægt er að grípa inn í. Til þess að ungmennin geti stýrt ferðinni sjálf er mikilvægt að starfsmaður sjái til þess að þau kunni sjálf að halda starfinu uppi. Þegar starfsmaður ungmennaráðs þarf ekki að grípa sífellt inn í starfsemi ungmennaráðsins svo að allt gangi smurt, hefur náðst mikill árangur.



Hlutverk ungmennaráðsmeðlima



Ungmennaráðsmeðlimum er ætlað að vera rödd barna og ungmenna innan sveitarfélagsins. Ungmennaráðið gefur ungu fólki vettvang til þess að hafa áhrif á sveitarfélagið. Meðlimir hafa frelsi til þess að velja sjálfir hvaða málefni þau vilja taka upp hverju sinni en einnig geta sveitarstjórnir leitað til þeirra.

Helstu hlutverk ungmennaráðsmeðlima


- Vera fulltrúi og málsvari ungmenna í sveitarfélaginu.
- Stuðla að virkri þátttöku ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Vera ráðgefandi fyrir sveitarfélagið um verkefni og málefni þess.
- Sitja í nefndum sveitarfélaganna sem fulltrúi ungmenna.
- Sækja markvisst skoðanir annarra ungmenna.
- Gefa ungmennum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Vekja athygli á ungmennaráðinu og kynna það fyrir fólki í samfélaginu.
- Halda viðburði sem kemur ungu fólki saman.

Miklu máli skiptir að meðlimir ungmennaráðs deili verkum sín á milli og vinni vel saman. Sum ungmennaráð kjósa að deila á milli sín hlutverkum. Þannig gæti til dæmis verið einn formaður, ritari, kynningafulltrúi og svo framvegis. Einnig geta meðlimir ungmennaráðsins skipt niður á sig málaflokkum. Þá gætu til dæmis einhverjir tveir meðlimir lagt sérstaka áherslu á umhverfismálin á meðan að einhverjir tveir taka á sig skólamál.

Æskilegt er að ungmennaráðið sé með pósthöfund sem það hefur beinan aðgang að. Þannig er passað upp á að völdin liggi hjá þeim. Best er að hafa engan millilið.

Hvernig sannfærum við valdhafa?

Að sannfæra valdhafa



Ein leið til þess að ná fram áhrifum í samfélaginu er að sannfæra valdhafa.

Valdhafar geta til dæmis verið:

- Kjörnir fulltrúar (sveitarstjórnarfolk, þingmenn, ráðherrar).
- Starfsmenn stjórnsýslunnar (starfsmenn sveitarfélaga og ráðuneyta).
- Stjórnendur félaga.
- Skólastjórnendur.

Tölfræði

Ef ungmennaráðsmeðlimir ætla að mæla sér mót með valdhafa eða senda þeim bréf er gott að nota tölfræði og dæmisögur til þess að rökstyðja mál ykkar. Oft þarf að sýna valdhöfum þörfina fyrir þátttöku ungmenna og útskýra fyrir þeim hvað getur farið úrskaiðis ef raddir ungmenna heyrast ekki. Til dæmis væri hægt að benda þeim á það hve mörg ungmenni búa í sveitarfélaginu og hve margir það eru samanborið við heildina.

Dæmi: Af 8471 manns sem búa í Árborg eru 3110 á aldrinum 0-25 ára. Það gera 37%.⁹

Í framhaldi væri til dæmis hægt að segja frá áætlunum ungmennaráðsins.

Dæmi: Þarf að taka meira tillit til þessa aldurs við skipulagningu á samgöngum? Hefur þessi hópur áheyrnafulltrúa eða aðila í sveitastjórn?

Tengslamyndun

Til að ná fram breytingum er lykilatriði að vera í góðu sambandi við viðeigandi valdhafa. Bæði æskulýðsstarfsmenn og ungmenni ættu að hafa þetta í huga og vinna að því að rækta slík tengsl. Ungmennaráð gæti meðal annars boðið valdhöfum á ungmennaþingið sitt árlega. Þannig kynnast valdhafar starfinu og öðlast betri skilning á því en einnig fá ungmennin færi á að eiga samskipti við valdhafa og tjá þeim skoðanir sínar.

Vinnuaðferðir og störf ungmennaráðs

Val í ráðið

Myndband

12



Ungmennaráð hafa farið ýmsar leiðir til þess að velja í sín ráð. Til að byrja með lendir það oft á starfsmönnum sveitarfélaganna að finna áhugasöm ungmenni til að skipa ráðið. Með tímanum er þó æskilegt að val í ráðið sé lýðræðislegt og gætt sé að fjölbreytileika. Hægt er að kjósa hluta af meðlimum ungmennaráðsins á ungmennapingi. Þá geta aðrir fulltrúar verið fengnir úr skipulögðum hópum í æskulýðsstarfi. Með því að blanda þessu tvennu saman er verið að gæta þess að ungt fólk sem ekki stundar skipulagt æskulýðsstarf geti þó gefið kost á sér og tekið þátt í ungmennaráði.

Dæmi um hópa sem gætu haft fulltrúa í ráðinu:

- Ungmennafélagið og/eða íþróttahreyfingin
- Björgunarsveitin
- Kirkjustarfið
- Framhaldsskólarnir
- Grunnskólarnir
- Ungmennahúsið
- Félagsmiðstöðin

Það er æskilegt að ráðið samanstandi af nýjum og reyndum meðlimum. Gott er að finna kerfi til þess að passa að þessi blanda sé til staðar. Til dæmis væri hægt að ráða suma meðlimi til tveggja ára og aðra til eins árs. Þannig fer reynslan á milli meðlima í ráðinu og nýtist í starfinu.

Fjölbreytileiki innan ungmennaráðs

Gátlisti

- Gætt var að kynjahlutfalli.
- Fólk í ráðinu hefur ólíkar skoðanir.
- Ungmennin koma af ólíkum uppruna.
- Passað var upp á að aldurinn sé dreifður.
 - » Það er fólk á grunnskóla- og framhaldsskólaaldri í ráðinu.
- Áhugasvið ungmennaráðsmeðlima er fjölbreytt

Fundir

Reglulegir fundir skipta afar miklu máli til þess að starfið gangi vel. Á fundum er farið yfir næstu skref ungmennaráðs. Hvaða markmið hafið þið sett ykkur? Hverju viljið þið áorka sem ungmennaráð? Hvenær ætlið þið að hitta sveitastjórnina næst?

Æskilegt er að hafa fastan fundartíma þar sem flestir meðlimir ráðsins og starfsmaður sjái sér fært að koma. Gott væri fyrir ungmennaráð að funda minnst einu sinni í mánuði. Tíðni funda getur verið mjög misjöfn eftir stærð ungmennaráða og verkefnum ráða hverju sinni.

Nokkur ráð:

- Gott getur verið að hafa fundarstjóra sem passar upp á að allir fái að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Æskilegt er að boða til fundar með minnst viku fyrirvara.
- Komi upp forföll er mikilvægt að ungmennaráðið sé upplýst með fyrirvara. Þá á varameðlimur auðveldara með stíga inn í og koma í stað fyrir forfallaða einstaklingsins.
- Mikilvægt er að hafa ritara á hverjum fundi sem heldur úti fundargerð og ritar niður það helsta sem fer fram á fundinum. Meðlimir ráðsins geta skipst á að vera ritara eða kosið einn meðlim sem gegnir alltaf stöðu ritara.
- Æskilegast er að skipta starfi ritara sín á milli svo að allir fái að kynna stöðunni og að raddir allra fái pottþétt hljómgrunn.

Fundargerðir

Fundargerð skal höfð til haga, varðveitt og birt opinberlega á vef sveitarfélagsins. Henni ber að upplýsa hverjir mættu á fundinn, hvar hann var haldinn, hvað var rætt og ákveðið og hvaða meðlimir bera ábyrgð á komandi verkefnum.

Sjá má dæmi um fundargerð á næstu síðu.

Fundargerð ungmennaráðs Tortóla

8. fundur á tímabilinu

Haldinn: Í ráðhúsi Tortóla. 1. janúar 2050.

Tími: 17:00 – 19:45.

Mætt voru: Sigfríður Sveinsdóttir, Línus Gauti Arnarsson, Mist Eik Sóleyjardóttir, Sölvar Súri Sveinsson, Erlendur Gestur Björnsson, Hreinn Bolli Brynhildarson í fjarveru Sigga sæta, Lind Ýr Adamsdóttir og Sól Birta Rebekudóttir sem einnig skrifaði fundargerð.

Að auki sat fundinn Freyja Jónsdóttir, starfsmaður ungmennaráðs.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt samhljóða.

2. Ungmennafingrið

Verður haldið 20. janúar. Helstu málstofur verða samgöngumál, menntamál og húsnæðismál.

Mist Eik ætlar að hanna plaköt og hengja þau upp í skólum.

Starfsmaður ætlar að fá salinn í félagsmiðstöðinni leigðan og panta pizzur.

Hreinn Bolli ætlar að búa til viðburð á Facebook og skrifa grein um þingið í bæjarráðið

Allir ætla að dreifa boðskapnum og á næsta fundi (eftir viku) tölum við nánar um skipulag þingsins.

3. Æskulýðssjóður

Okkur bárust átta umsóknir um úthlutun í æskulýðssjóð en getum einungis styrkt þrjú verkefni að þessu sinni. Umsóknarfrestur rann út 15. desember síðastliðinn og ungmennaráðsmeðlimum var gefinn tími til að kjósa um hvaða verkefni hlytu styrkinn. Litið var til viðmiða æskulýðssjóðsins við val á verkefnum og réttlæti var gætt. Nánari útlýsing á verkefnum og verklagi verður sent út 7. janúar. Sigfríður og Sól Birta ætla að sjá um útlýsinguna.

4. Erindi frá bæjarstjórn

Lagt fram erindi frá bæjarstjórn Tortóla, dags. 20. desember 2049, þar sem óskað er eftir skoðun ungmennaráðs á staðsetningu og útliti á nýjum grunnskóla sem bæjaryfirvöld hyggjast reisa á næsta ári.

Málið rætt og ákveðið að fresta því til næsta fundar. Einnig kom upp hugmynd um að nýta ungmennafingrið að hluta til þess að fá fram skoðanir annarra barna og ungmenna í samfélaginu á málinu.

5. Önnur mál

Sölvar Súri og Lind Ýr voru sammála um að það þurfi að lýsa upp göngustíginn á milli Hlíðanna og Bakkaskóla. Þau ákváðu að skrifa nánar um málið í bæjarblaðið og senda bréf á bæjarstjórnina.

Fundi slitið 19:45.

Ungmennafingrið

Myndband

13



Myndband

14



Ungmennafingrið er vettvangur þar sem að ungt fólk kemur saman og ræðir málefni sem brenna á þeim. Þegar ungmennaráð sveitarfélaganna halda ungmennafingrið er það gert til þess að heyra skoðanir ungmenna í sveitarfélaginu - um sveitarfélagið.

Dæmi um málefni sem rædd eru á ungmennafingri: menntamál, skólamál, atvinnumál, húsnæðismál, samgöngumál, geðheilbrigðismál, framboð frístunda í sveitarfélaginu og fleira.

Ráð fyrir ungmennafingrið:

- Oft er gott að skipta hópnum niður í nokkrar málstofur og leyfa ungmennum að velja sér sjálf hvað þau vilja tjá sig um.
- Æskilegt er að hafa eina opna málstofu þar sem ungmenni geta rætt það sem brennur á þeim.
- Fá málefni eru ungmennafingrið óviðkomandi. Það er í verkahring ungmennaráðsins að meta þau og finna þeim farveg.

Ungmennafingrið geta einnig snúið að einu ákveðnu málefni. Þá er jafnframt leitast eftir því að svara einni ákveðinni spurningu. Sú spurning er þá eitthvað sem brennur sérstaklega á ungmennum í sveitarfélaginu, er jafnframt víðtæk og gefur færi á hugmyndavinnslu ungmenna.

Nokkur dæmi um slíkar spurningar:

- Hver er ábyrgð ungs fólks í sveitarfélaginu?
- Hefur ungt fólk áhrif á samfélagið?
- Hvernig á nýr miðbær að líta út?

Á ungmennafingrið er stundum kosið um stöður í ungmennaráðinu. Það getur verið ágæt leið til þess að passa upp á fjölbreytileikann í ráðinu. Ef að ráð er sjö manna og einhverjir eru valdir í gegnum skóla, æskulýðsfélög og félagsmiðstöðvar, þá getur verið æskilegt að gefa tækifæri á einni, tveimur eða

fleiri stöðum eftir því hvað hentar, á ungmennapingi. Þannig fá sem flestir tækifæri til þess að bjóða sig fram.

Dæmi um dagskrá ungmennapings:

15:00 Setning og ávarp ungmennaráðs

15:30 Erindi ungmennis úr sveitarfélaginu

16:00 Málstofur (samgöngumál, húsnæðismál, skólamál, heilbrigðismál og opin málstofa)

16:30 Hlé á málstofum, boðið upp á pizzur

17:00 Áframhald málstofa

18:00 Slit (segja hvað verður um niðurstöður)

Úrvinnsla ungmennapings

Eftir ungmennaping er mikilvægt að meðlimir ungmennaráðs spyrji sig að því hvernig þau ætla að vinna að málefnum sem þeim bárust. Þarf að taka einhver málefni sérstaklega fyrir á bæjarstjórnarfundum? Væri sniðugt að skrifa grein um tiltekið málefni? Ætti að senda bréf á nefnd innan sveitarfélagsins?

Áhugi kviknar oft hjá ungmennum á ungmennapingum. Ungmennaráð ætti alltaf að geta boðið ungmennum upp á að taka þátt að einhverju leyti í starfinu. Það má til dæmis velja því upp hvort að hægt sé að búa til starfshóp fyrir eitthvað ákveðið málefni sem mikið var rætt á ungmennapingunni.

Til þess að ungmennapingið beri árangur og ungmennin í sveitarfélaginu sjái áhrifin af því er mikilvægt að hafa þau sýnileg. Gott er að gera helstu niðurstöður ungmennapingsins opinberar og fylgjast með því að þær fari í réttan farveg.

Myndband

15



Bréfaskrif

Það er æskilegt fyrir ungmennaráð að vera með eigið tölvupóstfang þar sem öll helstu skriflegu samskipti fara fram. Frá því geta þau sent eigin skeyti og fengið innsend erindi.

Það þarf alls ekki að vera erfitt að skrifa formlegt bréf til valdhafa. Gott getur verið að styðjast við eftirfarandi leiðbeiningar til að byrja með. Æfingin skapar meistaranann!

Nokkrar ráðleggingar

- Verið hnitmiðuð, bréfið þarf ekki að vera langt.
- Segir skýrlega frá því hvað það er sem þið viljið frá aðilanum.
- Passið að svörin við H-unum fjögur komi skýrt fram. Þá er nokkuð víst að öllum helstu spurningum sé svarað.
 - » Hvað? Hvað er að gerast?
 - » Hvernig? Hvernig verður þetta?
 - » Hvar? Hvar verður þetta?
 - » Hvenær? Hvenær verður þetta?

Uppsetning fyrir bréf:

Sæl/Sæll _____

Við höfum samband við þig fyrir hönd ungmennaráðs _____. Við erum að vinna að _____. Verkefnið er gert til þess að _____. Við höfum samband við þig vegna þess að _____.

Við vorum að velja því fyrir okkur hvort að þú gætir _____ til þess að _____?

Kær kveðja.

Fyrir hönd ungmennaráðs _____

_____ og _____

Dæmi um bréf:

Sæll Guðni Th. Jóhannesson.

Við höfum samband við þig fyrir hönd ungmennaráðs Árborgar. Við erum að vinna að ráðstefnu sem haldin verður í félagsheimilinu á Hvolsvelli fyrir öll ungmennaráð Suðurlands þann 5. maí. Verkefnið er gert til þess að virkja ungmennin á Suðurlandi til þátttöku og sýna þeim að þau geti haft raunveruleg áhrif á samfélagið. Við höfum samband við þig vegna þess að þú ert góð fyrirmynd fyrir ungmennin og berð mikið ábyrgðarhlutverk sem Forseti Íslands.

Við vorum að velta því fyrir okkur hvort að þú gætir verið með erindi á ráðstefnunni klukkan 13:00 til þess að hvetja ungt fólk á Suðurlandi áfram til samfélagslegrar þátttöku?

Kær kveðja.

Fyrir hönd ungmennaráðs Árborgar.

Sigdís Erludóttir og Fannar Hauksson.

Verkátlanir⁸

Vel útbúnar verkátlanir þurfa alls ekki að vera flóknan í framkvæmd. Ungmennaráð sem getur séð nákvæmlega hvað þarf að gerast til þess að ákveðinn viðburður verði að veruleika, getur dreift álaginu niður á mun jafnari máta. Verkátlanir hjálpa ungmennaráðum að vera virkur vettvangur þar sem allir hafa ábyrgðarhlutverk.


Það er mikilvægt fyrir meðlimi ungmennaráðs, starfsmann og sveitarstjórn að sjá þann árangur sem skapast af starfi ungmennaráðsins. Sum verkefni taka langan tíma og oft líður fólki eins og það sé ekki að komast mikið áfram með verkið á fundum. Þrátt fyrir það er fólk í flestum tilfellum að vinna gott starf, þó að það sjái árangurinn ekki alltaf strax.

Til þess að forðast þá tilfinningu að ráðið skili engu í verk og ennfremur til þess að vinna markvissara að verkefnum er gott að hafa verkátlanir. Þær geta verið af ýmsum toga en aðaltilgangur þeirra er að veita góða yfirsýn, svo ljóst sé hvað þarf að gera.

Dæmi um verkátlanir

Hugarkort


Hugarkort (e. mindmap) hentar vel til þess að hafa góða yfirsýn með verkefni. Þegar verkefni eru sett upp með þessum hætti verður verkaskiptingin auðveld. Hér væri til dæmis hægt að skipta niður verkefnum á einstaklinga eða hópa með litakóðun. Hver einstaklingur eða hópur hefur þá ákveðinn lit og þau verkefni sem hópurinn sér um, eru lituð í þeirra lit. Bæði er hægt að teikna hugarkort og gera þau í gegnum netið.



KanBan miðakerfi

Þó að nafnið beri til kynna eitthvað flókið verkferli, þá eru scrum töflur mjög einfaldar og sniðugar í skipulagningu verkefna. Í sinni einföldustu mynd eru scrum töflur spjald sem er skipt niður í þrjá dálka. Þeir eru: „ólokið“, „í vinnslu“ og „lokið“.

Þegar ungmennaráð er að plana sín næstu skref getur verið gott að nýttast við Scrum töflu. Aðilar í ungmennaráði safna því saman hvað þau ætla að gera á næstunni og setja það í fyrsta dálkin, ólokið. Sá aðili eða hópur sem ákveður að ráðast í verkið færir síðan þá aðgerð yfir í næsta dálk, í vinnslu. Þegar verkinu er lokið er það síðan fært yfir í þriðja dálkin, lokið. Með þessu móti er hægt að fylgjast vel með skrefunum sem hafa verið tekin í ráðinu.



Siðareglur

Það getur reynst ágætt fyrir ungmennaráð að setja sér siðareglur. Þær eru gerðar til þess að skýra vinnureglur hegðun og framkomu ungmennaráðsfulltrúa innan og utan ráðsins. Það er mjög gagnlegt að hafa siðareglur svo að allir séu á sömu blaðsíðunni þegar kemur að því hvernig hlutirnir í ráðinu eiga að vera.

Dæmi um siðareglur

(fengið frá ungmennaráði Árborgar)

1. Markmið þessara siðareglna er að skýra vinnureglur, hegðun og framkomu ungmennaráðsfulltrúa innan og utan ráðsins.
2. Ungmennaráðsfulltrúar skulu fylgja almennum lögum og reglum ásamt sinni sannfæringu í hvívetna. Passa skal upp á að vera málefnaleg í umræðum og hlusta á sjónarmið og skoðanir annarra.
3. Virða skal vægi ungmennaráðsins. Láta vita af forföllum í tíma og boða varamann ef svo ber undir. Ef ungmennaráðsfulltrúi missir af meira en þremur ráðsfundum á ári missir hann sæti sitt í ráðinu og varamaður kemur inn. Umsjónarmaður ráðsins ber ábyrgð á að fylgjast með þátttöku og mætingu ungmennaráðsfulltrúa.
4. Á fundi skulu fulltrúar fylgja almennum fundarsköpum ásamt að virða skoðun annarra og leyfa þeim að koma skoðunum á framfæri. Á meðan á fundi stendur skal athygli ungmennaráðsfulltrúa vera á málefnum fundarins og er krafa að allir mæti undirbúinir til hans. Ungmennaráðsfulltrúar eiga þá kröfu að fundurinn sé undirbúinn af umsjónarmanni tímalega.
5. Ungmennaráðsfulltrúar skulu virða trúnað og vanda alla meðferð á upplýsingum sem koma fram á fundum og á spjallsvæði ráðsins. Trúnaður helst eftir að fulltrúi yfirgefur ráðið.
6. Ungmennaráðsfulltrúar sinna verkefnum á milli funda og taka þátt í umræðum á spjallsvæði ráðsins. Ef af einhverjum ástæðum ungmennaráðsfulltrúi getur ekki klárað sitt verkefni skal hann láta vita af því við fyrsta tækifæri.
7. Þegar fulltrúi kemur fram fyrir hönd ráðsins skal hann vanda framkomu og fylgja öllum lögum og reglum.
8. Þessar siðareglur skulu vera aðgengilegar á síðu ungmennaráðs sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hvað svo?

Myndband

16



Myndband

17



Pegar ungmennaráðið er komið vel á skrið, búið að starfa um nokkurt skeið, halda ungmennaþing reglulega og funda vel með bæjarstjórn má huga að ýmsum fleiri verkefnum ef áhugi er fyrir hendi. Evrópa unga fólkins veitir ungmennaráðum ýmsa styrki fyrir spennandi, valdeflandi verkefni.

Haldið stórfund

Fundur ungs fólks og ráðamanna snúast um að ungt fólk geti átt í samræðum við þá sem fara með völd í samfélaginu. Viðburðirnir geta meðal annars skapað vettvang fyrir sameiginlega ráðagerð valdhafa og ungmenna, til þess að tryggja það að rödd ungs fólks fái áheyrn og unga fólkið taki þátt í ákvörðunum. Viðburðirnir gera einnig snúið að því að líkja eftir starfsemi lýðræðislegra stofnana, til dæmis þingum og sveitastjórnnum.

Dæmi um slíka fundi

- Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði sem haldið er ár hvert af Ungmennafélagi Íslands. Tilgangur ráðstefnunnar er að styðja við lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Meðlimir úr ungmennaráðum um land allt koma þar saman, ræða málin, læra af hvert öðru og fá áheyrn ýmissa valdhafa úr samfélaginu.
- Fjórðungahluta- ráðstefnan sem haldin var á Suðurlandi 2016, fyrir ungmennaráðsmeðlimi í ungmennaráðum í kringum Suðurlandið. Handbók þessi er ein af afurðum ráðstefnunnar en auk þess var markmiðið að unga fólkið í ungmennaráðunum hittist og ræddi málin ásamt því að kynna tillögur sínar fyrir valdhöfum.

Farið á námskeið í Evrópu

Inn á síðu *Evrópu unga fólksins* má finna allskyns möguleika á námskeiðum fyrir ungt fólk. Námskeiðin eru ólík af ólíkum toga og ólíkum stöðum í Evrópu. Ungmennaráðsmeðlimir ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á námskeiðunum getur einstaklingur sérhæft sig nánar í tilteknum málaflokki eða bætt við sig mikilvægri reynslu sem kemur sér vel í starfi.

Dæmi um slík námskeið

Empowering girls: jump in international youth work

Fyrir: Ungar konur sem starfa í æskulýðsstarfi

Markmið: Að valdefla ungar konur sem starfa í æskulýðsstarfi með því að bjóða þeim gott námskeið sem sýnir fyrstu reynslu í fjölþjóðlegu æskulýðsstarfi.

Hvar: Spánn

Dealing with Refugees: from challenges to opportunities

Fyrir: Æskulýðsstarfsmenn og stefnumótendur

Markmið: Á þessari ráðstefnu verður skoðað hvernig æskulýðsstarf getur stutt við aðlögun ungra flóttamanna og fá þátttakendur m.a. til að kynna reynslusögum þaðan sem vel hefur tekist til.

Hvar: Amman, Jórdaníu

Democracy Reloaded - Study Visit

Fyrir: Þá sem starfa með ungu fólki hjá sveitarfélögum og þá sérstaklega með ungmennaráðum

Markmið: Í þessari námsheimsókn verður skoðað hvernig hægt er að auka lýðræðislega þátttöku og áhrif ungs fólks á ákvarðanatöku sveitarfélaga og samtaka.

Hvar: Lisbon, Portúgal

Youth Work Against Violent Radicalisation

Fyrir: Æskulýðsstarfsmenn og stefnumótendur

Markmið: Á þessari ráðstefnu verður skoðað hvernig æskulýðsstarf getur unnið gegn ofbeldis- og öfgavæðingu ungs fólks í Evrópu.

Hvar: Möltu

TOOL FAIR XII - Waves of Innovation

Fyrir: Alla þá sem tengjast æskulýðsstarfi og vilja læra eitthvað nýtt

Markmið: Á þessari ráðstefnu eru stefnur og straumar í óformlegu námi og æskulýðsstarfi skoðuð á markaðstorgi hugmynda og „tilraunastofum“ þar sem hægt er að kynna sér hinar ýmsu aðferðir, tæki og tól.

Hvar: Rabar-Mdina, Möltu

BriTriMulti (BTM)

Fyrir: Þá sem vinna með ungu fólki og hafa áhuga á að skipuleggja ungmennaskipti

Markmið: Að þjálfa þá sem vilja sækja um sitt fyrsta ungmennaskiptaverkefni. Þeir Íslendingar sem sótt hafa BTM hafa verið mjög ánægðir með árangurinn, bæði hvað varðar að finna samstarfsaðila og líka hvað það hjálpaði þeim mikið þegar þeir síðan framkæmdu sín fyrstu ungmennaskipti.

Hvar: Noregi



Ungmennaráð Árborgar í erlendu verkefni á Kanaríeyjum

Heimildir

¹TORC. (2008). Create a youth council in your community in 10 easy steps.

The Rural Youth Working Group. Sótt af www.ruralontarioinstitute.ca/file.aspx?id=061706a3-2f32-4d2b-a38a-a5cf2c24c9ec

² og ³Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 18/1992.

⁴Frumvarp til æskulýðslaga, nr. 70/2007.

⁵Angelica Andersson. (e.d.). Byrjendapakki fyrir ungmennaráð (Þýtt og staðfært af Hirti Ágústssyni, Nílsínu Larsen Einarsdóttur og Sigríði Ásgeirsdóttur). Reykjavík: Evrópa unga fólksins.

⁶Nílsína Larsen Einarsdóttir. (e.d.). Handbók ráðgjafarhópsins. Umboðsmaður barna. Sótt af www.barn.is/media/449658/handbok-radgjafarhops-umbodsmanns-barna.pdf

⁷Hulda Valdís Valdimarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir. (2002). Handbók um hópastarf. Íþróttá- og tómsundasvið Reykjavíkur. Sótt af www.reykjavik.is/sites/default/files/ymsis_skjol/skjol_utgefid_efni/handbok_um_hopastarf_2008.pdf

⁸Guðmundur Ari Sigurjónsson. (2015). 9 þrep æskulýðsstarfs. Reykjavík: Frítímin.

⁹Hagstofa Íslands. (2017). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>